

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/667 2020/EES/69/27**frá 19. desember 2018****um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 um að fresta gildistöku stöðustofnunaraskyldu fyrir ákveðna OTC-afleiðusamninga (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (1), einkum 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 (2), framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/592 (3) og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1178 (4) eru tilgreindir, meðal annars, gildistöku dagar stöðustofnunaraskyldunnar að því er varðar samninga sem varða þá flokka OCT-afleiðna sem eru tilgreindir í viðaukunum við þær reglugerðir.
- 2) Í reglugerðum þessum er mælt fyrir um frestun gildistöku stöðustofnunaraskyldunnar að því er varðar OTC-afleiðusamninga sem eru gerðir á milli mótaðila sem eru hluti af sömu samstæðu og þar sem annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu. Eins og fram kemur í viðeigandi forsendum þessara reglugerða var nauðsynlegt að fresta gildistöku stöðustofnunaraskyldunnar til að tryggja að slíkir OTC-afleiðusamningar féllu ekki undir stöðustofnunaraskylduna áður en framkvæmdargerð var samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 3) Fram til þessa hefur engin framkvæmdargerð skv. 2. mgr. 13. gr. verið samþykkt í tengslum við stöðustofnunaraskylduna. Því ætti að fresta enn frekar beitingu stöðustofnunaraskyldunnar gagnvart OTC-afleiðusamningum í tiltekinn tíma eða þar til þessar framkvæmdargerðir hafa verið samþykktar.
- 4) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2015/2205, framseldri reglugerð (ESB) 2016/592 og framseldri reglugerð (ESB) 2016/1178 til samræmis við það.
- 5) Upphafleg frestun gildistöku var, í framseldri reglugerð (ESB) 2015/2005, framseldri reglugerð (ESB) 2016/592 og framseldri reglugerð (ESB) 2016/1178, aðlöguð að gildistöku degi stöðustofnunaraskyldunnar að því er varðar mótaðila í flokki 4. Þar eð framlengja ætti frestun gildistökkunnar enn frekar ætti sú framlenging einnig að gilda um einingar í flokki 4.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. L 113, 29.4.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. L 201, 27.7.2012, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 frá 6. ágúst 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunaraskylduna (Stj. L 314, 1.12.2015, bls. 13).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/592 frá 1. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunaraskylduna (Stj. L 103, 19.4.2016, bls. 5).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1178 frá 10. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunaraskylduna (Stj. L 195, 20.7.2016, bls. 3).

- 6) Að teknu tilliti til upphaflegrar frestunar gildistöku og til að tryggja samræmda beitingu stöðustofnunar skyldunnar að því er varðar viðskipti innan samstæðu við gildistöku þessarar reglugerðar, ætti þessi breytingargerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
- 7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽⁵⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2015/2205

Í 2. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2015/2205 kemur eftirfarandi í stað fyrstu undirgreinar:

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal stöðustofnunar skyldan, að því er varðar samning um flokk OTC-afleiðna sem er tilgreindur í viðaukanum og gerður á milli mótaðila sem eru hluti af sömu samstæðu og þar sem annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu, taka gildi:

- a) 21. desember 2020 ef ekki hefur verið tekin ákvörðun um jafngildi skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem eru tilgreindir í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land eða
- b) síðari daginn af eftirfarandi dögum ef ákvörðun um jafngildi hefur verið samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land:
 - i. 60 dögum eftir gildistöku dag ákvörðunarinnar sem er samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,
 - ii. daginn sem stöðustofnunar skyldan tekur gildi skv. 1. mgr.“

2. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2016/592

Í 2. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2016/592 kemur eftirfarandi í stað fyrstu undirgreinar:

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal stöðustofnunar skyldan, að því er varðar samninga um flokk OTC-afleiðna sem er tilgreindur í viðaukanum og gerður á milli mótaðila sem eru hluti af sömu samstæðu og þar sem annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu, taka gildi:

- a) 21. desember 2020 ef ekki hefur verið tekin ákvörðun um jafngildi skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land eða

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- b) síðari daginn af eftirfarandi dögum ef ákvörðun um jafngildi hefur verið samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land:
- i. 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunarinnar sem er samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,
 - ii. daginn sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi skv. 1. mgr.“

3. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1178

Í 2. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2016/1178 kemur eftirfarandi í stað fyrstu undirgreinar:

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal stöðustofnunarskyldan, að því er varðar samninga um flokk OTC-afleiðna sem er tilgreindur í viðaukanum og gerður á milli mótaðila sem eru hluti af sömu samstæðu og þar sem annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu, taka gildi:

- a) 21. desember 2020 ef ekki hefur verið tekin ákvörðun um jafngildi skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land eða
- b) síðari daginn af eftirfarandi dögum ef ákvörðun um jafngildi hefur verið samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land:

 - i. 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunarinnar sem er samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,
 - ii. daginn sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi skv. 1. mgr.“

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
